

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðauka III A með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %
<b>Tollskrárnúmer:</b>	<b>Kjötvörur úr vörulíð 1602:</b>		86.000	
1602.1001	Blönduð matvara með meira en 60% af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	114,6
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	114,6
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.2012	Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.2019	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.2021	Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.2022	Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.2029	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	127,0
1602.3101	Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3102	Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3109	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3201	Úr hænsnum meira en 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3202	Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3209	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3901	Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3902	Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.3909	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	159,0
1602.4101	Úr svínnum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4102	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4109	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4201	Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4202	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4209	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4901	Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4902	Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.4909	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.5001	Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.10 - 30.06.11	-	114,6
1602.5002	Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	114,6
1602.5009	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	114,6
1602.9011	Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.9012	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.9019	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.9021	Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.9022	Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2
1602.9029	Annað	01.07.10 - 30.06.11	-	172,2

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

## 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

## 5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

## 6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 12. maí 2010.*

**Jón Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*